

Reykjavík, 6. apríl 2022

Velferðarnefnd Alþingis

b.t nefndarsviðs Alþingis

Erindi: Vegna frumvarps fyrir 152. löggjafarþingi 2021–2022. Þingskjal 649 — 450. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur).

Virðulegu þingmenn.

Á Læknadögum 2022 var málstofa um forvarnir barna og ungmenna og þar flutti ég erindið *Nikótíngildran*. Þar tíundaði ég í stuttu máli hvernig fikt með vörur sem innihalda nikótín þróast hratt yfir í fíkn hjá ungmönnum. Engin þeirra ætla sér að ánetjast en fikið verður að fíkn. Áður voru það sigarettur sem var fíkað með, síðar reyklaust tóbak og rafrettur. Nýjasta útspilið eru svo munnpúðar með nikótíni.

Við Íslendingar höfum verið stolt af okkar ungmönnum sem hafa síðustu ár verið með einna lægstu tíðni reykinga á sigarettum í Evrópu. Sá hópur sem aldrei hefur reykt er nú stærri en nokkru sinni og það er vel. Á sama tíma féllum við á prófinu um neytendavernd börnum til handa þegar rafrettur voru markaðssettar á Íslandi og fyllum næsthæsta flokk notenda á rafrettum hjá 15 – 16 ára ungmönnum í nýlegum samanburði við önnur Evrópulönd í skýrslu ESPAD frá 2019. Þar stóðu nágrannar okkar á Norðurlöndum sig betur. Fyrirspurnum til Eitrunarmiðstöðvar Landspítalans vegna rafrettuvökva og slysainntöku fjölgaði hratt á sama tíma og neysla jókst á rafrettum. Lagasetning um rafrettur náðist 2018 og er það vel. Enn má þó selja rafrettuvökva með styrkleika 20 mg/ml af nikótíni í stórum einungum þrátt fyrir að einungis hálf teskeið af slíkum vökva gæti innihaldið banvænan skammt af nikótíni fyrir ung börn.

Munnpúðar með nikótíni eru ný vara á markaði. Árið 2013 komu hér á markað munnpúðar sem innihéldu koffein og stöðvaði matvælaeftirlitið dreifingu þeirra í ljósi þess að koffein mætti einungis vera til sölu í drykkjum þá. Nú hafa hins vegar munnpúðar með nikótíni verið tollafgreiddir til sölu á smávörumarkaði án athugasemda svo árum skiptir. Sjónarhorn neytendaverndar er þarna áhyggjuefni að mínu mati og heimildir seljenda miklar til að hefja sölu án skilyrða. Þeirra ábyrgð hlýtur um leið að vera mikil að sýna fram á öryggi vörunnar og skaðleysi.

Frumvarp það sem hér er til umsagnar mun bæta umgjörð sölu munnpúða með nikótíni. Sérstaklega hvað varðar takmarkanir um m.a. aldur kaupenda, sýnileika og auglýsingabann. Allt þetta miðar að því að forða því að ungmenni ánetjist nikótíni á unga aldri. Varan sem verið hefur í sölu hér á landi inniheldur háan styrkleika nikótíns, a.m.k. 16 mg nikótíns í stökum púða sé mark tekið á kynningarsíðum seljenda.

Með 6 – 10 mg munnpúðum með nikótíni hefur náðst sambærilegur styrkleiki nikótíns í blóði og úr einni reyktri sígarettu. Sterkustu púðarnir eru því væntanlega að gefa enn hærri styrk nikótíns og því getur fylgt aukin fíkn í nikótín.

Til að meta öryggi vöru þarf að meta bæði notkun hennar þegar hún er notuð samkvæmt leiðbeiningum og hvað gerist ef einhver óhöpp verða. Í skýrslu frá Eitrunarmiðstöð Landspítalans fyrir árið 2021 voru fyrirspurnir vegna inntöku nikótíns 141 eða 6% allra fyrirspurna það árið. Af þeim fjölda voru fyrirspurnir vegna nikótínþúða 67%. Þau tilvik voru bæði frá t.d. ungmennum sem höfðu t.d. lent í að gleypa þúða og frá foreldrum ungra barna sem höfðu komist í þúða og sett upp í sig.

Sértækar ábendingar vegna frumvarpsins:

Vegna 9. gr.

Ef vara með nikótíni er þar að auki með bragðefnum sem höfðað geta til barna þá eru mun meiri líkur á að barn sem nær í slíka vöru kyngi henni en að það spýti henni út úr sér. Munnþúðar með nikótíni þyrftu með réttu að vera í ílátum með barnalæsingum og merkt til geymslu „þar sem börn ná ekki til“ en ekki er gert ráð fyrir því hér. Það getur falist aukið öryggi fyrir börn í því að varan sé amk ekki með bragðefnum sem lokkar þau til að setja hana upp í sig.

Vegna 12. gr.

Þegar fjallað er um framhaldsskóla og aðrar menntastofnanir þá er mikilvægt að sá skilningur sé skýr að það nái einnig til húsnæðis þar sem ungmenni undir 18 ára eru í verknámi. Það eru dæmi þess að iðnnemar njóti ekki kennslu í reyklausu og tóbakslausu umhverfi eins og jafnaldrar þeirra í öðru námi.

Að lokum

Til að draga saman áherslur í þessari umsögn þá er mikilvægt að muna að þeim fækkar sífellt sem eru háðir nikótíni, reykja eða nota tóbak. Þau sem enn eru háð nikótíni geta þurft hjálp við að hætta og eiga skilið að beitt sé meðferð sem er gagnreynd og gefur besta mögulega árangur.

Þau sem kjósa að nota vörur með nikótíni þurfa að geta fengið það úr öruggum vörum sem ekki skaða aðra í umhverfi þeirra. Öryggi notkunar nikótínþúða til lengri tíma mun koma betur í ljós síðar en t.d. áhrif á tannhold notenda er að byrja að koma í ljós nú.

Hér á landi hefur lengi verið samfélagssátt um að forða börnum frá gildrum. Þar er nikótíngildran engin undantekning. Því vonast ég til að gætt verði vel að þeirra þörfum þegar kemur að afgreiðslu þess frumvarps sem hér um ræðir.

Virðingarfyllt,

Lilja Sigrún Jónsdóttir

Heimilislæknir og klínískur dósent

